

# Hitaveitufélag Hvalfjarðar sf.

Stofnað 23. ágúst 1988

Árið 1985 samþykkti hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps að láta fara fram jarðhitarannsóknir í hreppnum.

Kristján Sæmundsson jarðfræðingur hjá Orkustofnun var fenginn til að hafa veg og vanda að þeim. Að undangengnum rannsóknum voru boraðar nokkrar hitastigulsholur árið 1986 á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu sem hreppurinn og Fiskeldifélagið Strönd kostuðu. Niðurstöður leiddu til þess að ákveðið var að bora eftir heitu vatni við Hrafnagil sem er á mörkum Hrafnabjarga og Ferstiklu. Kom það í hlut Kristjáns að velja borstaðinn og ákvað hann að borað skyldi niður 6-7 metrum norðan við sjávarkambinn upp af fjörunni og um 45 metrum austan við Hrafnagil í landi Hrafnabjarga. Borun hófst fimmtudaginn 9. apríl 1987. Daginn eftir þegar komið var niður á 21 metra dýpi brotnaði borkrónan. Eftir mikið bras við að reyna að fiska borkrónuna upp var því hætt og borinn færður til um 1,2 metra og byrjað á nýjan leik með nýrri borkrónu. Gekk á ýmsu næstu daga en á 10. degi hafði tekist að bora niður á 275 metra dýpi. Þurfti oft að taka allt upp og lagfæra ýmislegt. Eftir þetta var minna um áföll og þótt hiti mældist nokkur þá lét vatnið ekki á sér kræla svo neinu næmi. Þann 8. maí var borinn kominn niður á 590 metra dýpi og menn orðnir vonlitir um árangur og í þann veginn að gefast upp. Var þá skotið á stjórnarfundum í Fiskeldisfélaginu Strönd til að ákveða næstu skref. Eftir nokkrar umræður kom Pétur heitinn Georgsson með þá tillögu að heita á Hallgrímskirkju í Saurbæ að kirkjan skyldi fá ókeypis heitt vatn ef árangur yrði af boruninni. Var þessi tillaga samþykkt einróma og bókuð af þáverandi ritara fundarins, séra Jóni heitnum Einarssyni sóknarpresti í Saurbæ.

11. maí var haldið áfram að bora. Daginn eftir á 641 metra dýpi eyðilagðist borkrónan enn á ný en náðist þó upp sem betur fer. Gekk nú allt nokkuð vel eftir þetta næstu daga. Snemma morguns þriðjudaginn 19. maí á 795 metra dýpi hætti skolvatnið skyndilega að koma upp með bornum. Um klukkan 1 eftir hádegi þennan sama dag byrjaði heitt vatn að renna upp úr holunni og fór hægt vaxandi. Um 7 leytið um kvöldið giskuðu menn á að 25 til 30 sekúndulítrar kæmu sjálfrennandi upp af um 70 stiga heitu vatni. Daginn eftir var hitinn orðinn 80 gráður. Endanlegar mælingar sýndu um 23 sekúndulítra af um 82 stiga heitu sjálfrennandi vatni.

Alls tók það 270 klukkustundir, þ.e.a.s. bortíma að bora niður á 795 metra dýpi þar sem borinn hitti á hina heitu vatnsæð. Eftir þetta var holan boruð í 807,3 metra, rýmd og fóðruð með stálröri niður á 70 metra og loki settur á toppinn. Þá bættust við 66 bortímar í viðbót sem á endanum urðu 336 tímar alls. Heildarkostnaður við holuna á þessum tíma nam 3,5 milljónum króna.

Þann 19. júní 1987 samþykkti hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps einróma stefnumörkun í jarðhitamálinu, en þar segir meðal annars: „Hreppsnefndin leggur á það áherslu, að heita vatnið verði lagt á eins mörg heimili í hreppnum og nokkur kostur er og verði þá tekið tillit til tæknilegra atriða, arðsemi og kostnaðar.”

Leitað var til Fjarhitunar hf. um ráðgjöf, hönnun og virkjun jarðhitans og var Einar Arnórsson verkfræðingur þar með aðalumsjón. Í júnímánuði 1988 lagði Fjarhitun fram endanlegar tillögur að upphaflegu stofnkerfi hitaveitunnar.

Hitaveitufélag Hvalfjarðar sf. var svo stofnað í Félagsheimilinu að Hlöðum 23. ágúst 1988 og gerðust aðilar 15 heimila stofnendur á fundinum auk Hvalfjarðarstrandarhrepps. Þann 25. september 1989 rituðu stofnendur Hitaveitufélags Hvalfjarðar, þá orðnir 19 að tölu að Hvalfjarðarstrandarhreppi meðtöldum, undir sameignarfélagssamning þess.

Haustið 1988 var hafist handa við lagningu stofnkerfis og dæluhús byggð. Hinn 15. júní 1989 var vatni hleypt á stofnlögnina á Hvalfjarðarströnd og í byrjun desember var hleypt á bæi í Svínadal allt fram að Eyri. Á þessum tíma voru notendur rétt um 20 en í dag 20 árum síðar þegar hitaveita hefur verið lögð í Vatnaskóg, stór sumarhúsasvæði í Svarfhólsskógi, Kambshólsskógi, Bjarteyjarsandi, til atvinnustarfsemi á nokkrum stöðum og fjölda heimila, þá nálgast þeir 200. Sífellt er leitað leiða til að dreifa hitaveitunni víðar.

Í umfjöllun sinni um hitaveitumál þann 7. júní 1989 sem séra Jón Einarsson sóknarprestur og oddviti sveitarinnar ritaði, lauk hann máli sínu á eftirfarandi hátt:

*„Hitaveitan er tvímælalaust eitt merkasta framfaramál sem unnið hefur verið að í Hvalfjarðarstrandarhreppi um langan aldur. Slíkar framkvæmdir boða nýja sókn til betra mannlífs, bjartari framtíðar og bættra lífshátta fólksins sem sveitina byggir. Hitaveita Hvalfjarðar markar tímamót og merkan áfanga í sögu þessarar fögru og búsældarlegu sveitar og mun lyfta hag hennar og hamingju lengra fram á leið.“*

Blessuð sé minning hans.

14. maí 2009

Reynir Ásgeirsson